

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Hafnarhreppi, A-Skaft.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu, og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að leggja bundið slitlag á götu svo og ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

A-gjald vegna nýbygginga og viðbygginga við eldri hús, og skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.5%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1.2%
Tveggja hæða fjölbýlishús	0.9%
Fjölbýlishús, 3 hæðir og meira	0.6%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vörugæmslur og annað atvinnuhúsnæði	0.6%

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslur, skal greiða hálf gjald.

Gjald skal miða við brúttó rúmmál húss, samkv. samþykktum uppdrætti. Rúmmál skal reikna samkv. ÍST 50. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bilgæmslu	500 m ³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús: hver íbúð	400 m ³
Fjölbýlishús	300 m ³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við loftbæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

B-gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. gr., þ. e. til að leggja bundið slitlag og gangstétt, nær einnig til eldri húsa, sem gatnagerðargjald hefur ekki áður verið greitt af.

Skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.5%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1.2%
Tveggja hæða fjölbýlishús	0.9%
Fjölbýlishús, 3 hæðir og meira	0.6%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vörugæmslur og annað atvinnuhúsnæði	0.6%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða í gatnagerðargjald kr. 40 af hverjum fermetra lóðar. Af kjöllumum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar, svo og bifreiðageymslum, skal greiða hálf gjald.

5. gr.

Gjöld samkv. 3. og 4. gr. breytast samkvæmt visitölu byggingarkostnaðar. Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla í 3. og 4. gr. hvorn um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

Sveitarstjórn hefur fulla heimild til þess að endurskoða flokkun húsa í gjaldstuðla, sbr. 3. og 4. gr. svo og gjald einstakra gjaldenda, ef sérstakar ástæður eru til.

6. gr.

Gjalddagi gatnagerðargjalds, samkvæmt 3. gr. skal vera þegar byggingarleyfi er veitt. Sveitarstjórn er þó heimilt að veita gjaldfrest á hluta gjaldsins þar til byggingarfrankvæmdir hefjast, eða í allt að 2 mánuði.

7. gr.

Gatnagerðargjald, samkv. 4. gr. miðast við þá visitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist visitala meðan verk fer fram, og skal þá miðað við meðalvisitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Gjald samkv. 4. gr. af fasteignum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og/eða gangstétt, skal miðað við visitölu, sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

8. gr.

Nú hefur gatnagerðargjald eða gangstéttargjald verið greitt af lóð og skal það þá gilda sem greiðsla á A-gjaldi.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 4. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðist eftir á á sömu gjaldögum.

Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá gangstétt fyrir framan lóð gjaldanda.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Sveitarstjórn sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkv. reglugerð þessari.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með, samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.